

Upplýsingar um lántaka

Nafn	Kennitala
Heimilisfang	Póstnr.
Netfang	Símanúmer

Upplýsingar um samskuldara

Nafn	Kennitala	Símanúmer
Nafn	Kennitala	Símanúmer
Nafn	Kennitala	Símanúmer

Upplýsingar um maka (ef ekki samskuldari)

Nafn	Kennitala	Símanúmer
------	-----------	-----------

Sjóðfélagi, ef annar en lántaki

Nafn	Kennitala	Símanúmer
------	-----------	-----------

Hvernig tengdur lántaka

Upplýsingar um lán og veðtryggingu

Lánsupphæð (að lágmarki kr. 1.000.000)	Lánstími (5-40 ár)
Veðstaður	Gjalddagar á ári (2, 3, 4, 6 eða 12)

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Verðtryggt, jafnar greiðslur (annuitet), fastir vextir | <input type="checkbox"/> Verðtryggt, jafnar greiðslur (annuitet), breytilegir vextir |
| <input type="checkbox"/> Verðtryggt, jafnar afborganir, fastir vextir | <input type="checkbox"/> Verðtryggt, jafnar afborganir, breytilegir vextir |
| <input type="checkbox"/> Óverðtryggt, jafnar afborganir, breytilegir vextir | <input type="checkbox"/> Óverðtryggt, jafnar greiðslur (annuitet), breytilegir vextir |

Athugasemdir

Lánið óskast lagt inn á bankareikning

Nafn eiganda	Kennitala	
Númer banka	Höfuðbók	Reikningsnúmer

Fylgiskjöl með umsókn

- Uppgreiðsluverðmæti áhvílandi lána skv. veðbandayfirliti (ef við á).
- Vottorð um smíðatryggingu og foheldisvottorð (ef við á).
- Undirritað kauptilboð/undirritaðan kaupsamning vegna kaupa (ef við á)
- Staðfesting á föstum greiðslum, t.d. meðlags- og lífeyrisgreiðslum.
- Önnur gögn sem varpað geta ljósi á fjárhagsstöðu lántaka.

Afgreiðsla umsóknar

Lánumsókninni verður svarað símleiðis eða með tölvupósti þegar öll nauðsynleg gögn hafa borist sjóðnum og þau yfirfarin. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda ber sjóðnum áður en samningur um fasteignalán er gerður að meta lánshæfi og greiðslugetu umsækjanda.

Sjóðnum er heimilt að hafna umsókn eða takmarka lánsfjárhæð ef niðurstaða lánshæfis- og/eða greiðslumats gefur tilefni til þess.

Sjóðurinn afhendir umsækjanda staðlað eyðublað miðaðar að aðstæðum umsækjanda með helstu upplýsingum um það eða þau lán sem til stendur að taka, sbr. 13. gr. laga nr. 118/2016 ásamt almennum upplýsingum um þróun verðlags, vaxta og gengis erlendra gjaldmiðla, sbr. 14. gr. laga nr. 118/2016, ásamt útskýringum, sbr. 16. gr. sömu laga, til þess að umsækjandi geti tekið upplýsta ákvörðun um lántökuna.

Samþykki umsækjanda og samskuldara (ef við á) fyrir öflun og notkun fjárhagslegra upplýsinga

Ég undirritaður veiti Gildi-lífeyrissjóði, kt. 561195-2779, fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga minna við fjármálastofnanir og opinbera aðila. Umboðið veitir jafnframt heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem hefur heimild til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort það séu vanskil.

Umboð þetta veitir Gildi-lífeyrissjóði jafnframt heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. áður en ákvörðun er tekin um lánaþyrirgreiðslu og á meðan lánsviðskipti aðila eru fyrir hendi. Lánshæfismatið, sem undirritaður samþykkir að fari fram, byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið Gildi-lífeyrissjóði heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða til þeirra aðila sem á hverjum tíma teljast ábyrgðaraðilar slíkra upplýsinga skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til fram-kvæmdar greiðslumats og ekki liggja þegar fyrir.

Undirritaður samþykkir að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti. Framangreint samþykki um öflun upplýsinga er í samræmi við ákvæða laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, einkum 7. tl. 2. gr. og 1. og 2. tl. 8. gr. Samþykki þetta fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur.

UNDIRRITAÐUR LÝSIR HÉR MEÐ YFIR AÐ HAFNA KYNNT SÉR LÁNAREGLUR SJÓÐSINS OG SAMÞYKKIR SKILMÁLA UM ÖFLUN OG NOTKUN GAGNA, SBR. HÉR AÐ OFAN.

Staður

Dagsetning

Samskuldari

Lántaki

Maki lántaka

Útfyllist af starfsmanni sjóðsins

Móttekið

Er lántaki í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla? Nei Já

Ef já, hver eru umrædd tengsl?

Er samskuldari í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla (ef við á)? Nei Já

Ef já, hver eru umrædd tengsl?

Er samskuldari 2 í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla (ef við á)? Nei Já

Ef já, hver eru umrædd tengsl?

Til skýringar:

Gildi ber að kanna hvort umsækjandi sé í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, vegna ákvæða laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti o.fl. Af þessum sökum verður að svara eftirfarandi spurningu:

Er umsækjandi í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla? Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla teljast vera einstaklingar, innlendir og erlendir, sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, ásamt nánustu fjölskyldu þeirra og nánum samstarfsmönnum.

Til háttsettra einstaklinga í opinberri þjónustu teljast:

- þjóðhöfðingjar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar,
- þingmenn,
- einstaklingar í stjórnnum stjórnmalaflokka,
- hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum,
- dómarar við endurskoðunardómstóla og hæstráðendur seðlabanka,
- sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn herja,
- fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis,
- framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana.

Til nánustu fjölskyldu teljast:

- maki, sambúðarmaki í skráðri sambúð, börn, stjúpbörn og makar þeirra eða sambúðarmakar í skráðri sambúð, foreldrar.

Til náninna samstarfsmanna teljast:

- einstaklingar sem vitað er að hafi verið raunverulegir eigendur lögaðila með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu eða aðrir þekktir samstarfsmenn,
- einstaklingar sem hafa átt nán viðskiptatengsl við einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu,
- einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að var stofnaður til hagsbóta fyrir einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.

Staður

Dagsetning

Lántaki

Samskuldari

Samskuldari 2